

Fimmtudaginn 28. júní 1990.

Nr. 172/1990. **Bergsveinn Jóhannsson**

gegn

Arnardal sf.

Fjárnámsgerð felld úr gildi. Skriflega flutt mál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. apríl 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi 5. apríl 1990 samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973.

Áfrýjað er fjárnámsgerð, sem fram fór í fógetarétti Hafnarfjarðar 23. nóvember 1989, og framhaldsfjárnámsgerð, sem fram fór í fógetarétti Reykjavíkur 27. nóvember 1989, í fasteigninni Skólavörðustíg 20 A í Reykjavík.

Áfrýjandi krefst þess, að hinar áfrýjuðu fjárnámsgerðir verði úr gildi felldar og honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti, er beri sömu vexti og gjaldfallnar peningakröfur frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags samkvæmt ákvæðum III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Stefndi hefur fallist á kröfur áfrýjanda um ómerkingu fjárnámsgerðanna og málskostnað, en krefst úrlausnar Hæstaréttar um fjárhæð málskostnaðar.

Samkvæmt þessu ber að fella hinar áfrýjuðu fjárnámsgerðir úr gildi. Rétt þykir, að stefndi greiði áfrýjanda 25.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Dráttarvextir af málskostnaði verða ekki dæmdir.

D ó m s o r ð:

Hinar áfrýjuðu fjárnámsgerðir eru úr gildi felldar.

Stefndi, Arnardalur sf., greiði áfrýjanda, Bergsveini Jóhannssyni, 25.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.
